Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs,

Kópavogi, 8. september 2026
26081190/005.05 GEF

Efni: Tillaga að samráðsvettvangi vegna framkvæmda í miðbæ Kópavogs. Umsögn bæjarstjóra.

Á fundi bæjarráðs þann 20. ágúst 2026, var tillaga bæjarfulltrúa Jónasar Más Torfasonar um skipun samráðsvettvangs vegna framkvæmda í miðbæ Kópavogs vísað til bæjarstjóra til umsagnar.

Samkvæmt framlagðri tillögu er lagt til að komi verði á samráðsvettvangi vegna yfirstandandi framkvæmda í miðbæ Kópavogs, þar sem Kópavogsbær, lóðarhafar, framkvæmdaaðilar og fulltrúar eigenda í húsunum að Fannborg 1-9, Hamraborg 10-12 og Hamraborg 30-38.

Þá er lagt til að skipuð verði þriggja manna undirbúningsnefnd sem ákveði nánar hlutverk samráðsvettvangsins og hafi umsjón með fundaráætlun og verklýsingu. Er jafnframt lagt til að undirbúningsnefndin sé skipuð bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar, einum bæjarfulltrúa meirihlutans og starfsmanni umhverfissviðs Kópavogsbæjar.

Í erindi bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar er vísað til þess að framkvæmdir hafi farið illa af stað og upplýsingar af skornum skammti og meðal annars hafi margt gerst á framkvæmdarsvæðinu án þess að íbúum hafi verið gert viðvart.

Skipulag og fyrirhugaðar framkvæmdir í miðbæ Kópavogs hafa verið kynntar með ítarlegum hætti allt frá upphafi skipulagsvinnu. Eftir gildistöku deiliskipulags hafa verið haldnir íbúafundir bæði almennir, til kynningar á framkvæmdafösum, en einnig fyrir íbúa og hagaðila vegna málefna sem tengjast þeim sérstaklega, s.s. úttektir á íbúðum á áhrifasvæði sprenginga. Upplýsingamiðlun hefur því verið umfangsmikil og töluvert meiri í þessu tilviki en í öðrum uppbyggingarverkefnum í Kópavogi, m.a. vegna nálægðar við eldri byggð á svæðinu.

Samkvæmt samkomulagi Kópavogsbæjar við framkvæmdaraðila Fannborgarreits, dagsett í júlí 2025, ber framkvæmdaaðili ábyrgð á að halda góðu upplýsingaflæði til íbúa á framkvæmdartíma. Er þar jafnframt kveðið á um tilnefningu tengiliði íbúa á framkvæmdartíma, þ.e. einn tengiliður frá framkvæmdaraðila og einn frá Kópavogsbæ, og skuldbindingar framkvæmdaraðila til að halda úti upplýsingasíðu. Í sama ákvæði er jafnframt kveðið á um upplýsingafundi í hverjum framkvæmdafasa og eins og að framan greinir hefur nú þegar verið haldnir íbúafundir í samræmi við þessar skuldbindingar.

Kópavogsbær hefur lagt áherslu á að íbúar og hagaðilar fylgist með upplýsingum er varðar framkvæmdirnar á heimasíðu sem Kópavogsbær heldur uppi á vefslóðinni: midbaer.kopavogur.is , skrái sig á póstlista og að ábendingar eða athugasemdir berist á póstfangið midbaer@kopavogur.is. Hefur tengiliður Kópavogsbæjar umsjón með pósthólfinu, kallar eftir svörum frá framkvæmdaraðilum eftir því sem við og lögð er áhersla á að erindum sé svarað eins fljótt og kostur er. Þá heldur framkvæmdaraðili

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Fannborgarreits einnig uppi upplýsingasíðu á vefslóðinni fannborg.is þar sem jafnframt er að finna allar upplýsingar varðandi framkvæmdir en einnig um byggingaráformin sjálf.

Niðurrifsleyfi á bílastæðaplötu á svæðinu var ekki gefið út fyrr en aðgengi á svæðinu var tryggt. Eru starfsmenn Kópavogsbæjar búnir að eiga ítarlegt samráð við Sunnuhlíðarsamtökin vegna breytts aðgengis að húsinu að Fannborg 8. Framkvæmdin að breyttu aðgengi Fannborgar 8 er á ábyrgð framkvæmdaraðila Fannborgarreits líkt og allar framkvæmdir á framkvæmdarsvæði reitsins. Framkvæmdaraðili hefur jafnframt verið í samráði við slökkviliðið í framkvæmdum til að tryggja fullnægjandi brunavarnir.

Rétt er að taka fram að allar framkvæmdir á svæðinu eru á ábyrgð framkvæmdaraðila en Kópavogsbær sinnir eftirlitsskyldum sínum og eins og áður segir hefur einnig komið að ítarlegri upplýsingagjöf á verkefninu.

Framangreindur samskiptahópur er í fullri virkni og hefur reynst vel í því að miðla upplýsingum eins fljótt og kostur er.

Það er mikilvægt að framkvæmdirnar gangi vel fyrir sig og að rask og ónæði sé haldið í lágmarki á framkvæmdartíma. Vissulega hafa komið upp byrjunarörðugleikar en starfsfólk Kópavogsbæjar hefur veitt framkvæmdaraðilum strangt aðhald og kallað bæði eftir svörum og viðbrögðum við því sem hefur betur mátt fara. Eins og að framan greinir hafa aðilar verið ítrekað hvattir til þess að senda inn ábendingar til að hægt sé að bregðast við.

Það er öllum ljóst að uppbyggingunni fylgi ónæði og rask en mikilvægt er að minna á að um tímabundið ástand er að ræða. Í umfangsmiklum og flóknum framkvæmdum er því ekki síður mikilvægt að sem minnstar tafir séu á framkvæmdum og að áætlanir standist. Mikilvægt er að halda uppi öflugri upplýsingagjöf, líkt og stefnan hefur verið í þessu uppbyggingarverkefni, en þó má alltaf bæta og mikilvægt að það sé tekið reglulega til skoðunar. Tillögum um frekara samráð hefur ítrekað verið svarað af hálfu starfsmanna Kópavogsbæjar, á þá leið að öflug upplýsingagjöf til íbúa sé vænlegri kostur en samráðsvettvangur. Er það m.a. byggt á þeim rökum að samráð geti leitt til þess að íbúar líti á slíkan vettvang sem sýndarsamráð ef ábendingar eða tillögur þeirra eru ekki teknar til greina, enda í gildi deiliskipulag sem unnið er eftir.

Í upplýsingagjöf felst samtal við íbúa, þ.e. að reynt sé eftir fremsta megni að bregðast við ábendingum eða skýra betur fyrir aðilum tilhögun framkvæmda.

Með hliðsjón af framangreindu telur undirrituð að áherslan ætti að beinast að því að halda áfram öflugri upplýsingagjöf og taka hana til endurskoðunar með reglulega millibili með það fyrir augum að bæta enn stöðugt samskiptin við íbúa og aðra hagaðila á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir

Bæjarstjóri

Rafræn skilríki

Undirritað af: Ásdís Kristjánsdóttir
Kennitala: 2809783459
Tími: 10.09.2026 9:02
Samþykkt

Undirritað með OneSign